

HS Veitur hf - Árshlutareikningur 30. júní 2019

Árshlutareikningur HS Veitna hf. fyrir fyrri hluta ársins 2019 var samþykktur á fundi stjórnar í dag, 30. ágúst 2019.



Helstu atriði

Heildarhagnaður á fyrri hluta ársins 2019 var 499 m.kr. á móti hagnaði á sama tímabili árið 2018 upp á 380 m.kr.

EBITDA hækkar umtalsvert, var á fyrri helmingi 2019 1.419 m.kr. (38,8%) á móti 1.214 m.kr. (35,1%) á sama tímabili árið 2018.

Fjárhagsstaða er sterk og horfur góðar. Eiginfjárlutfall þann 30. júní 2019 er 43,2% en var 41,4% á sama tímabili 2018.

Veltufjárlutfall var 2,57 þann 30. júní 2019 samanborið við 3,14 í árslok 2018.

Hluthafar félagsins eru fjórir, í lok júní áttu þrír hluthafa yfir 10% hlut í félaginu:

Reykjanesbær	50.10%
HSV Eignarhaldsfélag slhf	34.38%
Hafnarfjarðarbær	15.42%

Almenn umfjöllun

Heildarhagnaður á fyrri hluta ársins 2019 nam 499 m.kr. á móti hagnaði fyrir sama tímabil árið 2018 upp á 380 m.kr. Þetta er aukning hagnaðar upp á 119 m.kr. sem skýrist að mestu af aukinni orkusölu og betri nýtingu veitukerfanna.

Tekjur hækkuðu um 5,6% á milli ára. Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur HS Veitna hf á fyrri hluta ársins 2019, 3.655 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar og flutnings 1.831 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 1.148 m.kr., vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 382 m.kr. og vegna annarrar starfsemi 294 m.kr. Sambærilegar tölur fyrir sama tímabil á árinu 2018 eru eftirfarandi: Rekstrartekjur 3.463 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar og flutnings 1.816 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 1.099 m.kr., vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 343 m.kr. og vegna annarrar starfsemi 205 m.kr.

Kostnaðarverð sölu lækkaði um 0,2% á milli ára á meðan tekjur jukust um 5,6%. Kostnaðarverð sölu nam 2.316 m.kr. fyrir fyrri hluta ársins 2019 (63,4% m.v. tekjur) á móti 2.320 m.kr. á sama tímabili 2018 (67% m.v. tekjur). Kaup á heitu og köldu vatni, raforku og rafokuflutningi lækka í heild um 74 m.kr. en rekstur megindeilda hækkar samtals um 59 m.kr. á milli ára.

Annar rekstrarkostnaður hækkar á milli tímabila um 4 m.kr., var 400 m.kr. á fyrri helmingi 2019 og 396 m.kr. fyrir sama tímabil árið 2018.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld eru neikvæð um 363 m.kr. fyrir hluta ársins 2019 en voru neikvæð upp á 305 m.kr. á sama tímabili 2018, eða alls hækkun á milli ára um 58 m.kr. Fjármunatekjur lækka úr 137 m.kr. árið 2018 í 92 m.kr. á fyrri helmingi ársins 2019, vaxtagjöld lækka úr 270 m.kr. í 245 m.kr. en verðbætur hækka úr 172 m.kr. í 210 m.kr.

Gjaldfærður tekjuskattur nam 77 m.kr. fyrir fyrri hluta 2019 á móti 61 m.kr. gjaldfærslu fyrir sama tímabil 2018. Rétt er að benda á að afkoma ferskvatnsdeildar er undanþegin tekjuskatti en afkoma deildarinnar var jákvæð um 177 m.kr. en var jákvæð um 119 m.kr. á sama tímabili árið 2018.

EBITDA á fyrri helmingi ársins 2019 er 1.419 m.kr. (38,8%) á móti EBITDA 1.214 m.kr. (35,1%) fyrir sama tímabil árið 2018.

Samkvæmt efnahagsreikningi eru eignir HS Veitna hf þann 30. júní 2019 bókfærðar á 30.799 m.kr. og hækkuðu um 217 m.kr. frá ársbyrjun. Fjárfestingar í fastafjármunum á fyrri hluta 2019 námu alls um 1.285 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar 1.015 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 183 m.kr., vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 51 m.kr. og vegna annarra fjárfestinga 36 m.kr. Sambærilegar tölur frá fyrra ári eru eftirfarandi: fjárfestingar í fastafjármunum 1700 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar 1.105 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 488 m.kr., vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 50 m.kr. og vegna annarra fjárfestinga 56 m.kr. Fjárfestingar í óefnislegum eignum voru 19 m.kr. á móti 24 m.kr. árið áður.

Eigið fé HS Veitna hf nam 13.309 m.kr. þann 30. júní 2019 (eiginfjárlutfall 43,2%) en eigið fé í ársbyrjun var 13.310 m.kr. (eiginfjárlutfall 43,5%).

Fjárhagsstaða félagsins þann 30. júní 2019 er sterk og horfur um rekstur þess góðar. Áfram verður unnið að stækkun veitukerfa félagsins eftir því sem þörf krefur og áhersla lögð á að tryggja viðskiptavinum félagsins hámarks afhendingaröryggi.

Félagið hefur innleitt reikningskilaáðal IFRS 16 fyrir reikningsár sem hófst 1. janúar 2019. IFRS 16 kynnir heildstætt líkan sem felur í sér færslu leigusamninga í efnahagsreikning. Félagið, sem leigutaki, hefur fært til eignar nýtingarrétt sem endurspeglar rétt félagsins til notkunar eigna og á móti skuld vegna framtíðarleigugreiðslna.

Helstu fjárhæðir úr ársreikningnum eru sem hér segir í þús. kr.

	01.01 - 30.06. 2019		01.01 - 30.06. 2018		Breyting milli ára
		%		%	
Rekstrarreikningur					
Rekstrartekjur	3,655,214	100.0%	3,462,574	100.0%	5.6%
Kostnaðarverð sölu	(2,315,936)	(63.4%)	(2,320,227)	(67.0%)	(0.2%)
Vergur hagnaður	1,339,278	36.6%	1,142,347	33.0%	17.2%
Annar rekstrarkostnaður	(400,022)	(10.9%)	(395,656)	(11.4%)	1.1%
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði	939,256	25.7%	746,691	20.4%	25.8%
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(362,964)	(9.9%)	(305,296)	(8.8%)	18.9%
Hagnaður fyrir tekjuskatt	576,292	15.8%	441,395	12.7%	30.6%
Tekjuskattur	(77,453)	(2.1%)	(60,957)	(1.8%)	27.1%
Hagnaður tímabilsins	498,839	13.6%	380,438	11.0%	31.1%
	30/06/2019		31/12/2018		
Efnahagsreikningur					
Fastafjármunir	26,791,987	87.0%	25,678,606	84.0%	4.3%
Veltufjármunir	4,006,985	13.0%	4,903,592	16.0%	(18.3%)
Eignir samtals	30,798,972	100.0%	30,582,198	100.0%	0.7%
Eigið fé	13,309,134	43.2%	13,310,295	43.5%	(0.0%)
Langtímaskuldir	15,927,667	51.7%	15,710,611	51.4%	1.4%
Skammtímaskuldir	1,562,171	5.1%	1,561,292	5.1%	0.1%
Skuldir og eigið fé samtals	30,798,972	100.0%	30,582,198	100.0%	0.7%
Kennitölur					
EBITDA	1,419,383	38.8%	1,213,821	35.1%	16.9%
Veltufjárhlutfall	2.57		3.14		(18.3%)
Eiginfjárhlutfall	43.2%		43.5%		(0.7%)

Nánari upplýsingar veitir Júlíus Jónsson, forstjóri HS Veitna hf., í síma 422 5200 / 860 5208.